

Menningarmálanefnd Hornafjarðar  
kynnir:

# Stefnumótun

í menningar- og safnamálum  
Hornafjarðar  
2000-2010

Samþykkt á fundi menningarmálanefndar  
29. nóvember 2000

Staðfest í bæjarstjórn Hornafjarðar  
1. mars 2001



# Meginstefna og helstu niðurstöður:

*Meningarmálanefnd Hornafjarðar hefur um nokkurt skeið unnið að stefnumótun í menningar- og safnamálum sveitarfélagsins. Afrakstur stefnumótunarinnar er hér með lagður fram sem tillögur til kynningar og að lokum staðfestingar í bæjarstjórn. (Samþykkt á fundi 29. nóvember 2000).*

## *Meginstefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar í menningar- og safnamálum er að:*

- Hlúa að því öfluga og fjölbreytta menningarstarfi sem til staðar er í sveitarfélaginu og viðurkenna menningarmál sem eitt af meginverkefnum sveitarfélagsins.
- Efla vitund fólks um sérkenni og menningararf héraðsins og halda þeim sérkennum við með fræðslu, kynningu og beinum aðgerðum.
- Skapa forsendur fyrir nýsköpun í menningarstarfsemi og tengslum menningar og ferðaþjónustu.
- Efla Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu sem alhliða menningarstofnun með skýrari markmiðum og undir nýju heiti; Menningarmiðstöð Hornafjarðar.
- Stuðla að varðveislu og rannsóknum á menningarminjum byggðarlagsins.
- Vinna að því að Pakkhúsið og Mikligarður verði miðstöð lista, handverks og þjónustu í framtíðaruppbyggingu gamla hafnarsvæðisins sem safna- og ferðaþjónustusvæðis. Í því skyni verði einnig tekin ákvörðun um flutning Gömlubúðar á sinn stað.
- Vera þátttakandi í samstarfi og stefnumótun sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál og eiga hlut að samningi við menntamálaráðuneytið.
- Gera samninga við félög og einstaklinga um menningarstarfsemi í sveitarfélaginu þar sem það á við.
- Stuðla að stofnun jöklaseturs á Hornafirði á grundvelli reynslu af jöklasýningu.
- Skilgreina betur hlutverk Sindrabæjar og Mánagarðs m.a. með tilliti til leiklistarstarfsemi.
- Byggja Nýheima upp sem alhliða mennta- og menningarmiðstöð.
- Vinna áfram að þróun samstarfs sveitarfélaga á Suðausturlandi í menningarmálum.
- Efla áhuga ungs fólks á menningu og menningararfi m.a. í samstarfi við skóla og vinnuskóla. Einnig að stuðla að listahátíð ungs fólks á hverju ári..

# Menningarmálanefnd Hornafjarðar

## Menningarmiðstöð Hornafjarðar

### Deildir (eldri heiti innan sviga):

#### **Bæjar- og héraðsbókasafnið á Höfn - upplýsingamiðstöð**

*(Héraðsbókasafn Austur-Skaftafellssýslu)*

*Bókasafnið í Hofgarði*

*Bókasafnið í Hrollaugsstöðum*

#### **Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu**

*Gamlabúð*

*Pakkhúsið*

*Fundarhús Lónmanna*

*Vatnstankurinn á Fiskhól*

*Mikligarður*

*Safn í Örfum*

*Safn í Suðursveit*

*Bívéla- og tækjasafn*

*Söfn Sverris Scheving*

#### **Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu**

*Ljósmyndasafn*

*Skaftfellingur. Þættir úr Austur-Skaftafellssýslu*

#### **Kvískerjasafn (í jöklasafni)**

*(Náttúrugripasafn Austur-Skaftafellssýslu)*

#### **Listasafn Svavars Guðnasonar**

*(Listasafn Austur-Skaftafellssýslu)*

#### **Menningarstarfsemi - Listvinasjóður**

*Tónleikar*

*Sýningar*

*Kvöldvökur*

*Fundir og ráðstefnur*

*Samningar og styrkir til félagastarfsemi*

## **Bæjar- og héraðsbókasafnið á Höfn - upplýsingamiðstöð og Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu**

### **Núverandi starfsemi**

Bókasafn og skjalasafn eru starfrækt sem ein heild að Hafnarbraut 36. Starfsemin er fjölbreytt og eru helstu þættir hennar tilgreindir hér á eftir:

### **Þjónusta**

Opnunartími safnsins hefur fram að þessu verið sem hér segir:

- 1. sept. - 30. apríl:** mánudaga kl. 13-21  
þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 13-19  
föstudaga kl. 13-17  
laugardaga kl. 13-16.
- 1. maí - 31. ágúst:** mánudaga kl. 13-19  
þriðjudaga-föstudaga kl. 13-17.

Tekin hefur verið ákvörðun um að vetraropnunartími gildi að mestu leyti allt árið nema laugardagsopnun sem fellur niður á sumrin. Sumarið 2000 var safnið opið mánudaga til fimmtudaga kl. 13-19 og föstudaga kl. 13-16.

Nýlega var staðfest ný gjaldskrá fyrir safnið sem veitir öllum lánþegum ókeypis bókasafnsskírteini. Um leið voru sektir hækkaðar verulega. Sjá fylgiskjal III.

Sögustundir fyrir 3-6 ára börn eru vikulega yfir veturinn og veturinn 1999-2000 var gerð tilraun með sögustundir fyrir eldri börn (7-9 ára). Boðið er upp á þjónustuna *Bókin heim* fyrir aldraða og sjúka, lán til fiskiskipa, heimila í dreifbýli, grunnskóla, sjúkrastofnana o.s.frv.

### **Skráning**

Stór hluti af safnkosti bókasafnsins hefur nú verið skráður í bókasafnskerfið *Feng*. Þegar kemur að því að öll bókasöfn í landinu sameinast í eitt kerfi flytjast færslur úr *Feng* yfir í það. Áfram er unnið að skráningu handbóka, geymslueintaka og síðan annarra bókasafna í sveitarfélaginu.

### **Samstarf við önnur söfn**

Bókasafnið á í ágætu samstarfi við flest stærri almenningsbókasöfn landsins. Það veitir smærri bókasöfnum í nágrennasveitarfélögum svo sem á Breiðdalsvík, Djúpavogi og Kirkjubæjarklaustri ýmsa þjónustu. Nú upp á síðkastið hefur verið mikið samstarf við bæjarbókasafn Ölfuss í Þorlákshöfn. Samstarf er einnig að aukast við bókasöfn grunnskólanna á Hornafirði.

### **Útibú**

Útibú frá safninu á Höfn eru rekin í Hofgarði í Örafum og Hrollaugsstöðum í Suðursveit. Einnig starfrækir Sýslusafnið bókasafn Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu samkvæmt sérstökum þjónustusamningi.

### **Sérstaða**

Af landfræðilegri stöðu bókasafnsins á Höfn leiðir að það þarf að vera sjálfbjarga um flesta þætti bókasafnsþjónustu.

## Umdæmissafn

Nýlegar tillögur um skiptingu landsins í bókasafnumdæmi gera ráð fyrir að landinu verði skipt í 22 umdæmi. Samkvæmt þeim verður eitt umdæmissafnanna hér á Höfn.

## Útgáfa

Sýslusafnið hefur mörg undanfarin ár annast útgáfu á héraðssögutímaritinu Skaftfellingi en einnig gefið út eina bók; Kvískerjabók.

## Útlán

Útlán bóka og annarra gagna hefur verið sem hér segir undanfarin 10 ár:

|      |              |      |               |
|------|--------------|------|---------------|
| 1990 | 5,721 eintök | 1995 | 17,477 eintök |
| 1991 | 7,489 ---    | 1996 | 18,405 ---    |
| 1992 | 13,457 ---   | 1997 | 19,002 ---    |
| 1993 | 16,264 ---   | 1998 | 18,480 ---    |
| 1994 | 17,337 ---   | 1999 | 18,373 ---    |

## Núverandi húsnæði og bókakostur:

Húsnæðið að Hafnarbraut 36 er um 200 fm. Skráður bókakostur safnsins telur um 20.000 eintök bóka, tímarita o.fl. og eru þeir um það bil 600 hillumetrar sem húsnæðið býður upp á fullnýttir. Í geymslum í Hafnarskóla og Ekru eru líklega um 10.000 eintök í um 210 hillumetrum í samtals um 55 fm plássi.

Ákveðið hefur verið að bókasafn og skjalasafn flytjist í Nýheima og sameinist bókasafni framhaldsskólans í svokallaðri upplýsingamiðstöð. Samkvæmt frummati forstöðumanns duga um 500 fm til þess að fullnægja núverandi húsnæðisþörf þessa sameinaða safns. Samstarfshópur, skipaður tveimur starfsmönnum Sýslusafnsins og tveimur starfsmönnum Framhaldsskólans, hefur unnið að lýsingu á þeirri starfsemi sem fara mun fram innan upplýsingamiðstöðvar í Nýheimum.

Skjalasafnið er í um 20 fm geymslu þar sem 150 hillumetrar eru fullnýttir og vel það. Aðrir húsnæðisþættir, bókakostur, vinnuástaða og starfsfólk eru sameiginlegir með bókasafni.

## Tillögur:

- *Samin verði sem fyrst áætlun um starfsemi nýs bókasafns í Nýheimum, og þá þjónustu sem þar verður veitt.*
- *Við hönnun húsnæðis verði ekki aðeins tekið tillit til núverandi húsnæðisþarfar sameinaðs safns heldur einnig framtíðarþarfar.*
- *Strax verði hafist handa við að undirbúa flutning safnsins og sameiningu þess við bókasafn framhaldsskólans.*
- *Bókasafninu verði falið að gegna viðtæku hlutverki upplýsingamiðstöðvar fyrir sveitarfélagið, stofnanir þess og fleiri aðila.*
- *Skógaðir verði kostir og gallar þess að upplýsingamiðstöð ferðamanna verði rekin samhliða upplýsingamiðstöð í Nýheimum.*
- *Unnið verði að frekara samstarfi við grunnskólana í sveitarfélaginu um bókasafnsþjónustu, gerðir þjónustusamningar við einstaka skóla og tekið tillit til þess konar starfsemi við hönnun húsnæðis nýs bókasafns í Nýheimum.*

- *Lokið verði við tölvuskráningu bókasafns árið 2001, skjalasafns árið 2003 og ljósmyndasafns árið 2004 og þær skrár gerðar aðgengilegar á heimasíðu safnsins.*
- *Safnið standi fyrir skaftfellskum dögum á ári hverju þar sem notendur verði hvattir til að kynna sér efni skaftfellskra höfunda, með sérstakri áherslu á Þórberg Þórðarson.*
- *Staðið verði fyrir lestrarátaki ungmenna á hverjum vetri í samvinnu við grunn- og framhaldsskóla. Sögustundir fyrir börn verði einnig eflar.*
- *Boðið verði upp á eftirtaldar nýjungar í útlánastarfsemi bókasafnsins á árinu 2001:*
  - *Útlán tónlistarefnis á geisladiskum.*
  - *Útlán tölvuforríta og- leikja.*
  - *Útlán myndlistar.*
- *Við opnun upplýsingamiðstöðvar árið 2002 verði opnunartími safnsins endurskoðaður og t.d. stefnt að daglegri opnun kl. 09:00-21:00 virka daga allt árið.*

## **Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu**

### **Núverandi starfsemi**

Starfsemi byggðasafnsins fer aðallega fram í Gömlubúð og Pakkhúsi. Einnig eru ýmsar aðrar starfsstöðvar tengdar safninu.

### **Opnunartími**

Í Gömlubúð hefur undanfarin ár verið opið frá 1. júní til 31. ágúst kl. 13:00-18:00 daglega. Í Pakkhúsi hefur verið opið sömu mánuði og fram á kvöld yfir hásumarið.

### **Aðsókn**

#### *Gamlabúð*

Aðsókn að Gömlubúð hefur verið sem hér segir sl. 12 ár:

|      |              |      |              |
|------|--------------|------|--------------|
| 1988 | 1,322 gestir | 1994 | 1,987 gestir |
| 1989 | 1,431 ---    | 1995 | 2,213 ---    |
| 1990 | 1,312 ---    | 1996 | 1,614 ---    |
| 1991 | 1,657 ---    | 1997 | 1,602 ---    |
| 1992 | 2,048 ---    | 1998 | 1,791 ---    |
| 1993 | 2,329 ---    | 1999 | 2,293 ---    |

#### *Pakkhúsið*

Gestir voru um 5,000 árið 1999. Í Pakkhúsinu fer fram fjölbreytt menningarstarfsemi auk þess sem sjóminjasafn er þar á neðri hæð. Handverksbúð og veitingasala hafa verið í Pakkhúsinu undanfarin sumur.

#### *Verbúðin í Miklagarði*

Gestir voru 151 árið 1999. Verbúðin hefur ekki verið opin reglulega en æskilegt væri að hún yrði opin samtímis og Pakkhúsið.

#### *Fundarhús Lónmanna*

Gestir voru um 300 árið 1999. Nokkuð er um fundarhöld og aðrar samkomur í húsinu.

**Samanlagður gestafjöldi byggðasafnsins árið 1999 var því um 7,500.**

## Ýmis verkefni

Undanfarin ár hefur byggðasafnið unnið að ýmsum sérverkefnum. Má þar nefna fornleifaskráningu, fornleifarannsóknir, húsakönnun, vinnu við mat á umhverfisáhrifum, útgáfu bóka, textagerð vegna gönguleiðaverkefnis o.fl. Upp á síðkastið hefur safnið eignast nokkuð af vélum, tækjum og bifreiðum sem unnið hefur verið að viðgerð á. Hefur safn þetta vakið athygli og á stærstan þátt í aukningu á aðsókn í Gömlubúð á árinu 1999.

## Núverandi húsnæði:

### Gamlabúð

Aðalsafnhús byggðasafnsins er Gamlabúð. Húsið var upphaflega byggt á Papósi í Lóni árið 1864 og er tvær hæðir og kjallari.

Frá því Gamlabúð var flutt árið 1977 á núverandi stað við Sílavík hefur annað slagið komið upp umræða um að færa húsið á ný niður að Hafnarvík þar sem það stóð í 80 ár (1897-1977). Menningarmálanefnd hefur tekið jákvæða afstöðu til þessa flutnings með eftirfarandi samþykkt sinni 8. desember 1999.

*Menningarmálanefnd Hornafjarðar mælir með því að gert verði ráð fyrir flutningi Gömlubúðar á sinn upprunalega stað við höfnina eða sem næst því. Þetta er í samræmi við hugmyndir nefndarinnar um uppbyggingu safnasvæðis við höfnina, í elsta hluta byggðarinnar á Höfn. Nefndin telur æskilegt að stefnt verði að flutningnum á næstu árum.*

*Menningarmálanefnd itrekar ennfremur fyrri afstöðu sína varðandi varðveislu Miklagarðs og telur að með ákvörðun um staðsetningu Gömlubúðar við höfnina sé verið að staðfesta þann vilja bæjaryfirvalda að varðveita hina elstu þéttbýlismynd á staðnum.*

*Nefndin bendir einnig á að æskilegt væri að tryggja húsnæði og útisvæði í nágrenni þessa svæðis fyrir ýmsa starfsemi byggðasafnsins sem ekki hefur öruggt hútaskjól í dag svo sem vaxandi búvéla-, bifreiða- og tækjasafn. Í þessu sambandi má einnig nefna hugsanlega húsnæðisþörf vegna safns Sverris Schevings sem væntanlegt er sem gjöf til sveitarfélagsins.*

Þær hugmyndir sem fram hafa komið við gerð aðalskipulags Hornafjarðar 1998-2018 styðja mjög við þessa afstöðu en í tillögum að aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að við höfnina verði skipulagt safnasvæði. Við flutning hússins þyrfti að yfirfara það og lagfæra.

### Pakkhúsið

Byggðasafnið fékk Pakkhúsið að gjöf árið 1990. Frá þeim tíma hefur verið unnið að endurbótum hússins. Kostnaður við endurbæturnar mun nú vera orðinn um 12 millj. kr. Hefur stærsti hluti þeirra fjármuna komið úr bæjarsjóði en einnig hefur verið aflað styrkja á hverju ári og kom sá hæsti 1,5 millj. kr. frá ríkisstjórninni árið 1997. Talið er að kostnaður við að ljúka við húsið nemi um 8 millj. kr. Fjögurra milljóna kr. styrkur hefur nú (apríl 2000) fengist úr endurbótasjóði menningarhúsa hjá menntamálaráðuneytinu. Helstu þættir sem enn er ólokið eru:

|                                |                     |
|--------------------------------|---------------------|
| 1. Frágangur utanhúss          | 1,532.564 kr.       |
| 2. Frágangur innanhúss         | 716.300 --          |
| 3. Lagnakerfi                  | 391.000 --          |
| 4. Rafkerfi                    | 540.000 --          |
| 5. Eldvarna- og innbrotakerfi  | 190.000 --          |
| 6. Vatnsúðakerfi               | 762.000 --          |
| 7. Kaffitería                  | 2,575.220 --        |
| 8. Hönnun, umsjón og ófyrirséð | <u>1,676.771 --</u> |
| SAMTALS                        | 8,383.855 --        |

### Fundarhús Lónmanna

Fundarhús Lónmanna var byggt árið 1912 en byggt var við það árið 1929. Húsið er samkomuhús sveitarinnar. Það er einnig lánað til ýmissa funda og skemmtana. Fundarhúsið er nýlega uppgert og þykir gersemi í íslenskri húsasögu.

### Vatnstankurinn á Fiskhól

Vatnstankurinn á Fiskhól var afhentur Sýslusafninu á árinu 1999 eftir gagngera endurbyggingu samtakanna *Verndum vatnstankinn*. Tankurinn var byggður af Hafnarhreppi árið 1949. Vatnsöflun íbúanna var fram að því leyst með brunnum við hvert hús en oft þurfti að sækja vatn í tunnum í Bergá, um 5 km leið frá Höfn. Með fjölgun fólks og vaxandi atvinnustarfsemi var orðin brýn nauðsyn á að leysa vatnsvandamál byggðarlagsins. Það er þess vegna táknrænt að fyrsta mál sem hreppsnefnd Hafnarhrepps tók til umræðu eftir að sveitarfélagið var stofnað árið 1946 var vatnsveita.

Samhliða byggingu tanksins var reist dæluhús neðan við hólinn. Fyrst í stað var notast við vatn úr borholum við Fiskhól en á sjötta áratugnum var lögð vatnsleiðsla frá Grjótbrú í landi Hóla í Nesjum.

Gamli vatnstankurinn á Fiskhól hefur nú lokið mikilvægu hlutverki sínu við vatnsmiðlun fyrir bæjarbúa. Hann var á tímabili farinn að láta verulega á sjá. Samtök áhugafólks um verndun tanksins hafa nú endurreist vatnstankinn og séð til þess að hann verður áfram eitt af einkennistáknum byggðar á Höfn í Hornafirði.

### Geymslur byggðasafns

Byggðasafnið hefur afnot af nokkrum geymslum út í bæ. Þær eru á engan hátt fullnægjandi aðstaða. Í Örafum hefur safnið tímabundin afnot af pakkhúsi á Fagurhólsmýri.

### ***Tillögur:***

- ***Gamlabúð verði sem fyrst flutt á sem næst upphaflegan stað við höfnina sbr. bókun menningarmálanefndar frá 8. desember 1999. Í hluta hússins verði innréttuð krambúð.***
- ***Lokið verði við viðgerð Pakkhússins og það skilgreint sem menningar- og listamiðstöð ásamt Miklagarði. Húsið verði eftt sem sýningar-, funda- og ráðstefnustaður auk þess sem alhliða menningarstarfsemi verði áfram í húsinu. Að staðaldri verði gamlar ljósmyndir uppihangandi í sal á efri hæð. Lokið verði uppsetningu á sjóminjasafni á neðri hæð.***
- ***Jafnframt verði unnið deiliskipulag af hafnarsvæðinu með tilliti til varðveislu og uppbyggingar svæðisins sem ferðamanna- og safnasvæðis. Haft verði samráð við eigendur annarra gamalla húsa á svæðinu s.s. Kaupfélag Austur-Skaftfellinga.***
- ***Tryggt verði geymslumál safnsins við höfnina eða í nágrenni við hana. Í því skyni verði athugað með kaup eða leigu á kartöfluhúsi kaupfélagsins.***
- ***Unnið verði að því að koma Miklagarði í fulla notkun er tengist framtíðaráformum um nýtingu hafnarsvæðisins. Hugað verði að því að hafa gestaíbúð í húsinu fyrir fræðimenn og listamenn. Einnig verði byggingar og rústir ofan við Miklagarð verndaðar. Tekin verði ákvörðun um stofnun félags til varðveislu á Miklagarði.***

- *Umhverfi gamla vatnstanksins verði fegrað og göngustígar lagðir að honum. Jafnframt verði komið upp merkingum við tankinn. Undirbúin verði viðgerð á dæluhúsi neðan við tankinn. Vatnspósti verði komið upp við tankinn.*
- *Unnið verði áfram að fornleifaskráningu í sveitarfélaginu með því að hefja vinnu við næsta þátt í skráningunni, aðalskráningu. Fornleifarannsóknir verði efldar í héraðinu.*
- *Lokið verði við húsakönnun í sveitarfélaginu og stuðst við þá skýrslu þegar taka þarf ákvörðun um varðveislu, niðurrif eða breytingar á eldri húsum.*
- *Byggðasafnið stuðli að uppsetningu sýninga á munum og öðru efni í sveitum, t.d. á ferðamannastöðum í samvinnu við heimamenn. Einnig verði hugað að því að koma upp varanlegri starfsemi á vegum safnsins í dreifbýli jafnt sem þéttbýli þar sem því verður við komið og í samvinnu við einkaaðila þegar það á við.*
- *Hafin verði tölvuskráning á munum safnsins í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins, og sú skrá gerð aðgengileg á heimasíðu safnsins. Stefnt verði að því að ljúka skráningu árið 2004.*
- *Boðið verði upp á skipulagðar skólaheimsóknir með leiðsögn á hverju ári í samvinnu við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.*
- *Sérstaða og stefna safnsins verði mörkuð skýrar en í núverandi söfnunarstefnu.*
- *Opnunartími í Gömlubúð verði aukinn. Opnað fyrr á vorin (15. maí), lokað seinna á haustin (15. september) og opið á laugardögum á veturna. Einnig opið á kvöldin í júlí.*
- *Sérstöku safnarsafni verði komið upp á Hornafirði, t.d. í Miklagarði. Stutt verði við starf safnarafélagsins í þessu skyni.*
- *Hugað verði sérstaklega að öryggismálum í húsum safnsins.*
- *Efnt verði til sérstakra sýninga á munum úr safninu og aðfengnu efni.*
- *Tekið verði við byssusafni Sverris Schevings Thorsteinssonar og fleiri munum úr hans fótum og þeim komið upp í viðeigandi sýningarhúsnæði, til dæmis kartöfluhúsi kaupfélagsins eða sem sérstakri útivistardeild jöklasafns.*
- *Fundarhús Lónmanna verði leigt út til listamanna og fræðimanna hluta af árinu. Á sumrin verði seldar þar veitingar um helgar og sýningar hafðar uppi. Nýting hússins sem fundar- og samkomuhúss verði aukin á ýmsan hátt. Húsið verði merkt sérstaklega við þjóðveg. Húsið verði girt af og umhverfi þess lagfært.*
- *Hugað verði að uppsetningu varanlegra sýninga eða safns í Suðursveit, tengt nafni Þórbergs Þórðarsonar (skrímslasafn!). Áhersla verði lögð á þætti sem Þórbergur er þekktur fyrir s.s. sagnahefð, esperantó, mælingar o.fl.*
- *Unnið verði að uppsetningu safns í Öræfum í samvinnu við íbúa og ferðaþjónustuaðila. Lögð verði áhersla á ýmsa þætti er tengjast byggðarlaginu s.s. Kvísker, verslun og samgöngur, rafminjar, Ingólfshöfða (saga, nytjar, fuglalíf...) o.fl*

## **Kvískerjasafn (náttúrugripasafn) í jöklasafni**

### **Núverandi starfsemi**

Mjög góður stofn að náttúrugripasafni er til staðar. Safnið vekur mikla athygli þeirra sem skoða það og hefur hvarvetna hlotið mikið lof. Helstu flokkar í safninu eru fuglar, egg, skordýr, skeljar og sjávardýr, minni spendýr og steinar. Fyrir liggur að dýrmætt

steinasafn Elínborgar Pálsdóttur og Benedikts Þorsteinssonar berst safninu þegar það hefur tök á að taka við því og sömuleiðis munu munir Hálfðans Björnssonar á Kvískerjum koma í meira mæli við bætt skilyrði.

#### **Núverandi húsnæði**

Safnið hefur aðsetur á efri hæð í Gömlubúð í um 30 fm stofu. Mikið af safngripum bíður þess að rýmka um safnið. Fjöldi muna er:

|         |              |         |             |
|---------|--------------|---------|-------------|
| Fuglar  | 74 tegundir  | Fiskar  | 3 tegundir  |
| Egg     | 76 tegundir  | Spendýr | 6 tegundir  |
| Skordýr | 287 tegundir | Steinar | 40 tegundir |
| Skeljar | 130 tegundir |         |             |

#### **Tillögur:**

- *Við undirbúning að stofnun jökla- og útivistarsafns á Hornafirði verði gert ráð fyrir náttúrugripasafni þar sem sérstakri deild, jafnvel tengdri nafni Kvískerja.*
- *Fram að því verði fundið viðunandi geymslúhúsnæði og/eða sýningarhúsnæði þannig að hægt verði að taka við þeim munum sem berast, skrá þá og gera sýningarhæfa.*
- *Kynning safnsins verði augin til dæmis með útgáfu á póstkortum.*
- *Safnið verði eftt sem kennslusafn fyrir grunn- og framhaldsskólanemendur.*
- *Efnt verði til sérstakra sýninga á munum úr safninu og aðfengnu efni.*
- *Safnið verði tölvuskráð og kynnt á heimasíðu safnsins. Stefnt verði að því að skráningu verði lokið árið 2003.*

## **Listasafn Svavars Guðnasonar**

#### **Núverandi starfsemi:**

Um 200 listaverk eru nú í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess. Þar á meðal er ómetanlegt safn verka eftir Svavar Guðnason og fleiri hornfirska málara svo sem Bjarna Guðmundsson, Höskuld Björnsson, Jón Þorleifsson, Rafn Eiríksson og Bjarna Henriksson. Enginn sérhannaður sýningarsalur er til staðar í byggðarlaginu. Listaverkin eru nær öll uppihangandi í stofnunum sveitarfélagsins en listaverkageymsla er ekki til.

#### **Núverandi húsnæði:**

Efniviður listasafnsins er að mestu leyti til sýnis í stofnunum sveitarfélagsins t.d. grunnskólum, áhaldahúsi, hjúkrunarheimili, ráðhúsi, bókasafni og víðar. Hvorki geymsla né sýningarsalur eru til fyrir safnið.

#### **Tillögur:**

- *Tekin verði ákvörðun um að tengja nafn Svavars Guðnasonar listasafninu.*
- *Kveðið verði skýrt á um að öll listaverk í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess verði undir forsjá listasafnsins. Einnig minnisvarðar og útilistaverk.*
- *Hugað verði að geymslu- og sýningarstöðu fyrir listasafnið í nýbyggingu Nýheima.*

- *Sett verði fram skipulögð sýningarstefna listasafnsins og samin áætlun fyrir tvö ár í senn um sýningar á vegum þess.*
- *Verk listasafnsins verði áfram til sýnis í stofnunum sveitarfélagsins.*
- *Safnið verði tölvuskráð og sú skrá gerð aðgengileg á heimasíðu safnsins. Skráningu verði lokið árið 2001.*
- *Samin verði innkaupastefna listasafnsins.*
- *Tryggðar verði sérstakar fjárveitingar til listaverkakaupa, sýninga og annarrar starfsemi listasafnsins.*

## **Önnur menningarstarfsemi sveitarfélagsins**

- **Hlutverk menningarmálanefndar**  
*Hlutverk og erindisbréf menningarmálanefndar verði endurskoðað við stofnun listvinasjóðs. Skilgreint verði hvernig skipulagningu tónleika, sýninga og annarra menningarviðburða verði háttáð og hver verkaskipting menningarmálanefndar, stjórnar listvinasjóðs og starfsfólks Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar verði.*
- **Samningur við menntamálaráðuneyti**  
*Sveitarfélagið verði þátttakandi í samstarfi og stefnumótun sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál og eiga hlut að samningi við menntamálaráðuneytið.*
- **Samstarf um menningarmál á Suðausturlandi**  
*Áfram verði unnið að því að efla samstarf í menningarmálum þriggja sveitarfélaga á Suðausturlandi; Djúpvogshrepps, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Skaftárhrepps.*
- **Kynning á menningarstarfsemi**  
*Sérstakt átak verði gert í kynningu á menningarstarfsemi í byggðarlaginu. Meðal annars með eftirfarandi hætti:*
  - ✓ *Settur verði upp sérstakur auglýsingaskápur á áberandi hátt sem aðeins kynni það sem er á döfinni í menningu og afþreyingu.*
  - ✓ *Gefinn verði út mánaðarlega kynningarbæklingur með upplýsingum um menningarstarfsemi og afþreyingu í samvinnu við Markaðsráð Suðausturlands.*
  - ✓ *Haldið verði út öflugri heimasíðu menningarmiðstöðvarinnar.*
  - ✓ *Samið verði við fjölmiðla á staðnum um sérstök afsláttarkjör vegna birtinga á auglýsingum um menningarstarfsemi.*
  - ✓ *Gefinn verði út ferðamannabæklingur um starfsemi safnanna.*
  - ✓ *Gefið verði út sérstakt afsláttarkort fyrir söfn o.fl. staði (M-kort).*
- **Samningar við félög**  
*Samningar um menningarstarfsemi á Hornafirði verði gerðir við frjáls félög, einstaklinga og stofnanir til eins, tveggja eða þriggja ára þar sem það á við í stað úthlutunar styrkja á hverju ári.*
- **Dagskrá í sveitum**  
*Dagskrá verði skipulögð í sveitum áfram a.m.k. einu sinn á ári í líkingu við Þórbergskvöld í Suðursveit 1999 og Mýrafláka á Mýrum 2000.*
- **Bæjarlistamaður**  
*Tekin verði ákvörðun um að bæjarfélagið bjóði listamanna- eða fræðimannastyrki eða velji bæjarlistamann reglulega.*
- **Jöklasetur**  
*Unnið verði markvisst að stofnun jöklaseturs á Hornafirði. Jafnframt settar upp sýningar á sumrin þar til stofnunin er orðin að veruleika..*

- **Gerum söguna sýnilegri**  
*Unnið verði markvisst að því að gera sögustaði og söguslóðir í sveitarfélaginu aðgengilega með merkingum og leiðarvísun.*
- **Hollvinasamtök safnsins**  
*Hugað verði að stofnun á sjálfboðaliðasamtökum sem leggja söfnunum lið með ýmsum hætti.*
- **Kvikmyndasalur í Nýheimum**  
*Tekið verði til athugunar hvort kvikmyndasalur byggðarlagsins verði í Nýheimum.*
- **Tónlist**  
*Sérstök áhersla verði lögð á að hlúa að tónlist í héraðinu á ýmsan hátt. Sérstaklega því fjölþætta tónlistarstarfi sem fram fer í tónskóla, grunnskólum, kórum og öðrum félögum. Einnig að boðið verði reglulega upp á tónleika með ýmsu listafólki þar sem flutt verður tónlist af ólíkum toga. Lögð verði alúð við að halda á lofti heiðri tónskálda úr Austur-Skaftafellssýslu, svo sem Ingunnar Bjarnadóttur, Skarphéðins Þorkelssonar og Bjarna Bjarnasonar auk núlifandi tónskálda.*
- **Félagsheimili**  
*Í tengslum við fyrirhugaða stefnumótun í æskulýðs- og tómstundamálum verði framtíðarstarfsemi í félagsheimilunum sveitarfélagsins ákveðin og þá sérstaklega Sindrabæ, Mánagarði og Holti á Mýrum. Skoðað verði vandlega hvort hægt sé að búa leiklist og öðrum sviðslistum varanlega aðstöðu í Sindrabæ en einnig verði áfram möguleiki á slíkum samkomum í Mánagarði. Í því skyni verði athugað hvort starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Þrykkjunnar geti haldið áfram í Sindrabæ eða að henni verði fundinn annar staður sem sæmir þeirri starfsemi. Varðandi Holt á Mýrum og önnur samkomuhús í sveitum er mikilvægt að rýra ekki möguleika fólks á samkomuhaldi í sinni heimabyggð og er í því skyni bent á að notkun heimamanna í Lóni á Fundarhúsi Lónmanna er nú vaxandi.*
- **Gönguferðir um Höfn**  
*Haldið verði áfram þeirri tilraun sem hófst sumarið 1999 með að bjóða upp á gönguferðir um Höfn. Söfn og sýningar; Gamlabúð, Pakkhús og jöklasýning, verði meginþema þessara gönguferða.*
- **Samstarf við vinnuskólann**  
*Leitað verði eftir samstarfi vinnuskólans og safnanna um menningartengda fræðslu og störf yfir sumartímann.*
- **Fyrirlestrar**  
*Boðið verði upp á tvenns konar fyrirlestaraðir til reynslu frá haustinu 2000:*
  - ✓ Hádegisfund á Kaffihorninu með forystumönnum úr fyrirtækjum á Hornafirði o.fl. Málefni þjóðlífs og byggðarlags til umræðu. Vikulega yfir veturinn.
  - ✓ Kvöldfyrirlestur í Pakkhúsinu um söguleg efni. Einu sinni í mánuði.
- **Merking gamalla húsa**  
*Stuðlað verði að átaki í merkingu gamalla húsa á Höfn.*
- **Útgáfa**  
*Hugað verði að útgáfu bóka og rita m.a. með eftirfarandi viðfangsefni:*  
*Þórbergur Þórðarson, þjóðsögur og sagnir úr Austur-Skaftafellssýslu, ljóð eftir Austur-Skaftafellinga, æviskrár o.fl. Unnið verði að því að safna og skrásetja heimildir og sagnir eldra fólks í sýslunni sem fyrst. Leitað verði eftir hagkvæmni við að fela utanaðkomandi aðila útgáfu Skaftafellings.*

- **"Arfur"**

*Hugað verði sérstaklega að efla vitund íbúa byggðarlagsins og gesta fyrir arfleið héraðsins, t.d. með áherslu á kynningu á bókmenntum og sögnum (Þórbergur og Steinþór Þórðarsynir, Gunnar Benediktsson...), listsköpun (Svavar Guðnason, Jón Þorleifsson, Höskuldur Björnsson...), götunöfnum, merkingu húsa, skafthellskum framburði o.s.frv. Sérstök áhersla verði lögð á að efla vitund ungs fólks um umhverfi sitt, m.a. í samstarfi við skólana.*

- **Setuliðssafn**

*Athugaðir verði möguleikar á stofnun setuliðssafns á Stokksnesi eða eitthvað gert til þess að minnast tímabils setuliðs á staðnum.*

***Stofnskrá fyrir Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu***

**1. grein**

Stofnunin heitir Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu. Starfssvæði hennar er Austur-Skaftafellssýsla.

**2. grein**

Sýslusafnið er stofnað árið 1990. Eigandi þess er Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu.

**3. grein**

Aðalaðsetur safnsins er á Höfn en undir það geta jafnframt heyrt munir, byggingar og önnur mannvirki sem varðveitt eru annars staðar á starfssvæðinu.

**4. grein**

Hlutverk stofnunarinnar er að starfrækja eftirfarandi söfn:

- a) Byggðasafn
- b) Héraðsbókasafn
- c) Héraðsskjalasafn
- d) Listasafn
- e) Náttúrugripasafn

Auk þess ber Sýslusafninu að vinna að menningarmálum í héraðinu á breiðum grundvelliog vera leiðandi afl í mótun menningarstefnu sýslunnar. Einstök söfn hafa eftirfarandi hlutverk:

**a) Byggðasafn**

Að safna þjóðlegum menningarverðmætum er snerta sögu atvinnuhátta og byggðapróunar almennt á starfssvæði þess. Jafnframt að skrá muni og fornminjar og halda til haga upplýsingum um eldri byggingar í sýslunni.

**b) Héraðsbókasafn**

Að veita alla almenna bókasafnsþjónustu og vera leiðandi afl meðal bókasafna í sýslunni, meðal annars með því að halda utan um sameiginlega bókaskrá allra safna í sýslunni og samræma bókainnkaup og þjónustu.

**c) Héraðsskjalasafn**

Að safna heimildum um líf og störf Austur-Skaftafellinga, vinna úr þeim gögnum, flokka þau og skrá og gera þannig aðgengileg fyrir almenning eftir því sem efni standa til. Í safninu skal starfrækja ljósmyndadeild.

**d) Listasafn**

Að safna listaverkum eftir íslenska listamenn með sérstakri áherslu á skaftafellska list. Jafnframt að skrá og halda til haga upplýsingum um listaverk í eigu sveitarfélaga í sýslunni og stofnana þeirra. Skal safnið vinna að því að listaverk séu að staðaldri til sýnis í sem flestum þessara stofnana auk þess að efna til sérstakra sýninga.

**e) Náttúrugripasafn**

Að safna munum úr náttúrunni. Einnig að vinna að náttúru- og umhverfisvernd í samvinnu við náttúruverndarsamtök og stofnanir, skrá muni og náttúruminjar og halda til haga upplýsingum um þessi atriði.

Sýslusafnið skal kappkosta að kynna starfsemi sína fyrir sem flestum og vera til þess búð að þjóna gestum sínum sem best. Stjórn safnsins (sjá 6. grein) getur ein ákveðið hvort og hvenær má láta gripi af hendi eða skipta við önnur söfn. Ekki er safninu skylt að veita viðtöku gjöfum ef sérstakar kvaðir fylgja um varðveislu.

Að auki skal Sýslusafnið gefa út héraðsritið Skaftafelling einu sinni á ári með efni úr sögu sýslunnar.

**5. grein**

Eigandi safnsins greiðir rekstrar- og stofnkostnað safnsins að frádregnum sértekjum þess, framlagi ríkis til launa safnvarða og styrk ríkis til stofnkostnaðar húsnæðis.

#### **6. grein**

Með stjórn Sýslusafns Austur-Skaftafellssýslu fer Menningarmálanefnd Austur-Skaftafellssýslu. Hana skipa 7 aðalfulltrúar og jafnmargir til vara. Skipar Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu þá alla til fjögurra ára í senn, án tilnefningar. Sýslunefndin tilgreinir jafnframt hver skal vera formaður stjórnarinnar og hver varaformaður. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Að jafnaði skulu haldnir fundir mánaðarlega í nefndinni og skulu þeir boðaðir öllum aðalmönnum með hæfilegum fyrirvara. Rétt til setu á stjórnarfundum hefur einnig forstöðumaður Sýslusafnsins og aðrir þeir sem formaður ákveður hverju sinni.

#### **7. grein**

Sýsluþing Austur-Skaftafellssýslu telst aðalfundur Sýslunefndar og stofnana hennar og skal starfsfólk safnsins og fulltúar í Menningarmálanefnd sækja þingið ef kostur er. Á Sýsluþingi eru ársreikningur og fjárhagsáætlun safnsins afgreidd. Fyrir þingið skal Menningarmálanefnd fjalla um fjárhagsáætlun og ársreikninga safnsins og jafnframt afgreiða ársskýrslu og starfsáætlun sem forstöðumaður leggur fram.

#### **8. grein**

Sýslunefnd ræður forstöðumann að Sýslusafninu að fenginni tillögu Menningarmálanefndar. Forstöðumaður Sýslusafns annast ráðningu annars starfsfólks. Föst störf við safnið skulu auglýst opinberlega áður en ráðið er í þau en forstöðumaður hefur heimild til þess að ráða starfsfólk í tímabundin störf án auglýsinga.

#### **9. grein**

Verði nokkru sinni ákveðið að leggja safnið eða einstakar deildir þess niður skulu eignir þess renna til sveitarfélaganna í Austur-Skaftafellssýslu.

#### **10. grein**

Stofnskrá þessi tekur gildi við samþykki Sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu.

*Stofnskrá þessi var samþykkt á fundi Sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu 31. mars 1995.*

## **Fylgiskjal 2**

## **Þarf að endurskoða**

### **Söfnunarstefna byggðasafns (frá 1995)**

*Unnið verði áfram að því að safna og sýna þverskurð af heimilishaldi, félagslífi og atvinnuháttum á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Þar verði þáttum eins og jarðvinnslu, búfjárhaldi, heyskap og heimilisiðnaði gerð skil. Auk þess áhöldum iðnaðarmanna (skósmiðs, trésmiðs, úrsmiðs, söðlasmiðs, járnsmiðs), heimilishaldi, leikjum barna o.s.frv.*

*Lögð verði áhersla á skafifellskt efni og þá þætti sem einkennt hafa þetta byggðarlag eða gert aðstæður þess frábrugðnar aðstæðum annarra byggðarlaga.*

*Sérstök áhersla verði lögð á minjar tengdar sjósókn og útgerð með það fyrir augum að unnt verði að opna sjóminjadeild safnsins árið 1997 í tengslum við 100 ára afmæli byggðar á Höfn.*

*Unnið verði að varðveislu tækja og tækniminja í samstarfi við áhugasamtök og einstaklinga í héraðinu.*

### **Greinargerð**

Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu er eitt meginsafna á Austurlandi og starfar eftir skipulagi sem Safnastofnun Austurlands og Samband sveitarfélaga í Austurlandskjör-dæmi hafa mótað.

Þar er kveðið á um að Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu sé almennt minjasafn sem sýni á fjölbreyttan hátt horfna starfs- og heimilishætti. Að þessu hefur verið unnið síðan og sýnir safnið í dag flesta þætti hins gamla bændasamfélags í sýslunni. Hin seinni ár hefur verið safnað talsverðum fjölda muna er tengjast sjósókn í sýslunni...

Áhugi er fyrir því að Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu haldi fjölbreytni sinni og gefi sem gleggsta mynd af þeim breytingum sem orðið hafa á íslensku þjóðlífi. Auk þess verður eftir sem áður lögð áhersla á þá þætti sem sérstakir þykja fyrir Austur-Skaftafellssýslu, meðal annars samgöngur, rafvæðingu o.fl.

*Samþykkt á fundi í Menningarmálanefnd Austur-Skaftafellssýslu 8. febrúar 1995*

### Fylgiskjal 3

# *Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu*

## *Gjaldskrá og reglur bókasafns*

1. Allir lánþegar bókasafnsins sex ára og eldri eiga rétt á bókasafnsskírteini án endurgjalds. Skírteinið má sá einn nota, sem það er gefið út á.
2. Lánþegi er ábyrgur fyrir þeim safngögnum sem tekin eru út á lánskírteini hans.
3. Hvert skírteini gildir í eitt ár.
4. Útlán á öllum gögnum safnsins, bókum, myndböndum, hljóðsnældum, tímaritum og hljómdiskum (væntanlegt) eru án gjaldtöku.
5. Glatist skírteini þarf lánþegi að greiða 500 kr. fyrir nýtt kort.
6. Þjónustan *Bókin heim* er veitt öldruðum, öryrkjum og sjúkum sem ekki eiga heimangengt. Þar er boðið upp á heimsendingu bóka án endurgjalds. Þetta á einnig við um útlán *bókakassa til áhafna fiskiskipa* og *útlán bókakassa til heimila í sveitarfélaginu utan Hafnar*.
7. Fyrir sjónskerta og aðra sem ekki geta nýtt sér prentað mál býður bókasafnið upp á hljóðbækur (upplestur á hljóðsnældum).
8. Aðgangur að Interneti og tölvum safnsins er án endurgjalds nema útprentun sem kostar 20 kr. á hvert blað. Hver notandi fær úthlutað 30 mínútum í senn við notkun Internets.
9. Útlánstími gagna er eftirfarandi:
  - Nýjar bækur 7 dagar
  - Eldri bækur 30 dagar
  - Tímarit 30 dagar
  - Hljóðsnældur 30 dagar
  - Myndbönd 2 dagar (nema námskeið, 7 dagar)
  - Hljómdiskar 14 dagar
10. Sektor sem greiða þarf eftir skiladag eru eftirfarandi fyrir hvert gagn á hvern dag:
  - Bækur, tímarit, hljóðsnældur og hljómdiskar 20 kr.
  - Myndbönd 100 kr.Ef safnefni hefur ekki verið skilað 10 vikum eftir að lánsfrestur rann út telst það glatað og er lánþega skylt að bæta það samkvæmt ákvörðun bókasafnsins.
11. Safnefni sem í útláni eða væntanlegt á safnið má panta gegn gjaldi sem er 50 kr. Þegar safnefnið kemur í safnið er lánþeganum gert viðvart og óskast það sótt innan tveggja daga.
12. Verðskrá fyrir ljósritun á safninu er eftirfarandi:
  - Hvert blað – allt að 100 blöðum 20 kr.
  - Hvert blað – yfir 100 blöð 15 kr.
13. Glati lánþegi gögnum frá safninu skal hann bæta fyrir með nýju eintaki eða greiðslu sem bókasafnið ákveður.

*Samþykkt í Menningarmálanefnd Austur-Skaftafellssýslu 19. janúar 2000.  
Staðfest í bæjarráði Hornafjarðar 25. janúar 2000.*